

Október 2023



Viðmið um stærð og skipulag heilsugæslustöðva

Útgáfa 2

Stjórnarráð Íslands
Heilbrigðisráðuneytið



Útgefandi:

Heilbrigðisráðuneytið

Viðmið um stærð og skipulag heilsugæslustöðva, útgáfa 2

Október 2023

hrn@hrn.is

stjornarradid.is

Umbrot og textavinnsla:

Heilbrigðisráðuneytið

©2022 Heilbrigðisráðuneytið

ISBN 978-9935-515-37-7

Efnisyfirlit

1. Forsendur	6
2. Inngangur	7
3. Grundvöllur þjónustunnar og hugmyndafræði	8
4. Stærð og fyrirkomulag	9
5. Húsrýmisáætlun	10
5.1 Forsendur fyrir rýmisþörf.....	10
5.2 Skipulag húsnæðis og æskileg tengsl.....	10
6. Rýmislýsing	12
6.1 Móttaka – Klasi 1.....	12
6.1.1 Aðalinngangur (1.0.0).....	12
6.1.2 Móttaka/móttökuritarar (1.0.1).....	12
6.1.3 Biðstofur (1.0.2/1.0.6/1.1.0/1.1.6).....	12
6.2 Bakvinnsla – Klasi 2	12
6.2.1 Læknaritarar/teymisrými (1.0.3/1.0.4).....	12
6.2.2 Sjúkraskrár (1.0.4.1).....	13
6.2.3 Skrifstofulager – ljósritun (1.0.5).....	13
6.3 Viðtalsherbergi – Klasi 3.....	13
6.3.1 Viðtalsherbergi/skoðun (1.0.7/1.0.8).....	13
6.3.2 Lagerskápar (1.0.9).....	13
6.4 Bráðarými – Klasi 4.....	13
6.4.1 Aðgerðarstofa I (1.1.1).....	13
6.4.2 Aðgerðar - vaktherbergi (1.1.2)	14
6.4.3 Rannsókn – blóðtaka (1.1.3).....	14
6.4.4 Skol (1.1.4).....	14
6.4.5 Hjúkrunarlager (1.1.5)	14

6.5	Mæðra – og ungbarnavernd – Klasi 5	14
6.5.1	Mæðravernd (1.1.7).....	14
6.5.2	Ungbarnavernd (1.1.8).....	15
6.6	Miðlæg rými.....	15
6.6.1	Matsalur – eldhús og fundarsalur (1.1.9/1.2.4)	15
6.6.2	Kaffitorg (1.2.0).....	15
6.6.3	Næðisrými (1.2.1).....	15
6.6.4	Fundarrými (1.2.2/1.2.4)	15
6.6.5	Teymisrými (1.2.2)	16
6.6.6	Anddyri starfsmenn (1.2.5).....	16
6.6.7	Búningsaðstaða (1.2.6).....	16
6.6.8	Munaskápar (1.2.7).....	16
6.6.9	Geymslur (1.2.8/1.2.9/1.3.0).....	16
6.6.10	Geymsla fyrir stoðþjónustu – Eignaumsjón (1.3.1).....	16
6.6.11	Vörumóttaka (1.3.2).....	16
6.6.12	Tæknirými – loftræsing (1.3.3)	16
6.6.13	Tæknirými – tölvurými (1.3.4).....	16
6.7	Önnur rými.....	17
6.7.1	Sorpskýli/sorpgeymsla (1.3.5).....	17
6.7.2	Hjólaskýli/hjólageymsla – læst (1.3.6).....	17
6.7.3	Bílastæði (1.3.7).....	17
7.	Geðheilsuteymi heilbrigðisstofnana	18
7.1	Sérrými geðheilsuteymis ef staðsett á heilsugæslum heilbrigðisstofnanna	18
7.1.1	Teymisrými geðheilsuteymis.....	18
7.1.2	Viðtalsherbergi, geðlæknir, geðhjúkrunarfræðingur, sálfræðingar, félagsfræðingar	18
7.1.3	Hóprými – kennslu- og meðferðarrými.....	18
8.	Heimahjúkrun hjá heilbrigðisstofnunum	19

8.1	Sérrými heimahjúkrunar ef staðsett með heilsugæslum	19
8.1.1	Teymisrymi heimahjúkrunar	19
8.1.2	Hóprými – fundir	19
8.1.3	Lyfjaherbergi.....	19
8.1.4	Hjúkrunarlagar/Lagerskápar	19
9.	Húsrýmistöflur	20
9.1	Tafla 1, m.v. 10 þúsund skjólstæðinga.....	20
9.2	Tafla 2, m.v. 15 þúsund skjólstæðinga.....	21
9.3	Tafla 3, m.v. 20 þúsund skjólstæðinga.....	22
9.4	Tafla 4, m.v. 25 þúsund skjólstæðinga	23
9.5	Heilsugæsla og viðbótarrými.....	24

1. Forsendur

Í byrjun árs 2019 óskaði heilbrigðisráðuneytið eftir því við fjármála- og efnahagsráðuneytið að Framkvæmdasýslu ríkisins yrði falið að vinna samræmd stærðarviðmið fyrir húsnæði heilsugæslustöðva sem grundvöll fyrir frumathuganir og húsrýmisáætlanir fyrir þessar stofnanir.

Framundan var vinna við gerð frumathugana og húsrýmisáætlana fyrir heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Til að samræma þessa áætlanagerð meðal annars á grundvelli fjölda skjólstæðinga hvernar stöðvar, þjónustu sem boðið er upp á og fleiri þátta þótti nauðsyn að hafa samræmd stærðarviðmið húsnæðis. Við vinnslu viðmiðanna þótti skynsamlegt að stærðarviðmiðin myndu taka til heilsugæslustöðva sem væru með um og yfir 10.000 skráða skjólstæðinga.

Alls eru um 362.000 skráðir skjólstæðingar á landinu. Hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins eru skráðir skjólstæðingar tæplega 240.000 á 19 heilsugæslustöðvum. Stærð stöðvanna er með 9.000 til 22.500 skráða skjólstæðinga. Á landsbyggðinni eru skráðir skjólstæðingar tæplega 122.000 á sex heilbrigðisstofnunum.

Skýrsla heilbrigðisráðuneytisins; Skipulag stærri heilsugæslustöðva, viðmið um húsnæði og starfsemi var gefið út í september árið 2020. Helstu breytingar í 2. útgáfu eru þær að búið er að bæta inn köflum með húsrýmislýsingu og húsrýmistöflum þar sem tekin eru dæmi um stærðarviðmið fyrir 10 – 25 þúsund skjólstæðinga heilsugæslustöðvar. Enn fremur hefur Framkvæmdasýslan – Ríkiseignir (FSRE) látið útbúa sérstakt skjal með tækniröfum fyrir heilsugæslustöðvar sem aðgengilegt er á heimasíðu FSRE.

Þó að húsrýmistöflur taki aðeins til heilsugæslustöðva með 10-25 þúsund skjólstæðinga nýtast þær til að hafa til hliðsjónar fyrir minni stöðvar á landsbyggðinni þar sem aðstæður og þjónustubarfir hinna ýmsu svæða eru það mismunandi að meta þarf hvert tilvik fyrir sig og horfa til sérstöðu viðkomandi svæðis ásamt mögulegri samnýtingu með annarri starfsemi.

2. Inngangur

Um rekstur og starfsemi heilsugæslustöðva gilda lög nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu með síðari breytingum, og reglugerð nr. 1111/2020 sem fjallar um heilsugæslustöðvar.

Heilsugæslustöðvar sinna fyrsta stigs heilbrigðisþjónustu og eftir atvikum annars stigs heilbrigðisþjónustu. Heilsugæslan á að vera fyrsti viðkomustaður fólks í heilbrigðiskerfinu þar sem notendur eiga meðal annars kost á almennum lækningum, hjúkrun, endurhæfingu, heilsuvernd og forvörnum, geðheilbrigðisþjónustu, geðrækt og forvarnir og mæðra- og ungbarnavernd. Þar er einnig veitt bráða- og slysamóttaka. Í reglugerð er nánar skilgreind sú þjónusta sem þar er veitt.

Auk þeirrar heilbrigðisþjónustu sem þar er veitt er einnig veitt fjölbreytt kennsla og þjálfun til heilbrigðisstétta. Þaðan getur einnig verið sinnt heimahjúkrun.

Hlutverk starfsmanna heilsugæslustöðva er að stuðla að bættu heilbrigði almennings á þjónustusvæði viðkomandi stöðvar. Heilsugæslan skal veita skjólstæðingum sínum samfellda, heildstæða, aðgengilega og faglega þjónustu. Heilsugæslunni ber að vinna að auknum lífsgæðum landsmanna með því að vernda og efla heilsu þeirra, stunda fræðslu og hafa frumkvæði að þróun og eflingu þjónustunnar.

3. Grundvöllur þjónustunnar og hugmyndafræði

Samkvæmt lögum nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu er landinu skipt upp í sjö heilbrigðisumdæmi. Í hverju heilbrigðisumdæmi er starfrækt heilbrigðisstofnun sem veitir almenna heilbrigðisþjónustu¹ í umdæminu. Í lögnum er kveðið á um grunnskipulag heilbrigðisþjónustunnar í landinu og í reglugerð nr. 1111/2020 sem fjallar um heilsugæslustöðvar, er m.a. kveðið á um skipulag heilsugæslu og annarrar heilbrigðisþjónustu í heilbrigðisumdæmum. Þannig segir að heilbrigðisþjónusta skuli veitt á viðeigandi þjónustustigi og heilsugæslan skuli að jafnaði vera fyrsti viðkomustaður notenda heilbrigðisþjónustu. Almenn heilbrigðisþjónusta skal að jafnaði veitt í heimabyggð en notendur eiga þó rétt á að leita til þeirrar heilsugæslustöðvar eða heilbrigðisstofnunar sem þeir eiga auðveldast með að ná til hverju sinni. Heilbrigðisstefna fyrir íslenska heilbrigðisþjónustu til ársins 2030, sem samþykkt var á Alþingi 3. júní 2019, styður við þetta.² Heilbrigðisstefnan skapar mikilvægan ramma fyrir heilbrigðisþjónustuna í landinu. Þar er m.a. fjallað um mikilvægi þess að rétt þjónusta sé veitt á réttum stað og heilsugæslunni ætlað þar stórt hlutverk.

Markmið með rekstri heilsugæslustöðva er að tryggja öllum landsmönnum fullnægjandi heilsugæslu í heimabyggð. Í reglugerð um heilsugæslustöðvar er mælt fyrir um rétt hvers einstaklings til að fá skráningu á heilsugæslustöð og skal stöðin sem viðkomandi tilheyrir leitast við að tryggja það. Ef ekki reynist unnt að skrá einstakling sem skjólstæðing tiltekins heimilislæknis á heilsugæslustöð skal þess þó gætt að hann njóti sambærilegrar þjónustu á stöðinni og aðrir.

Kjarninn í hugmyndafræði við skipulag húsnæðis fyrir heilsugæslu tekur mið af því að hægt sé að skipuleggja þjónustuna þannig að hún mæti sem best þörfum notenda. Einnig þarf að tryggja möguleika til breytinga og þróunar þjónustunnar eftir því sem þekkingu á sviði heilbrigðisþjónustu vindur fram og áherslur breytast, s.s. til teymisvinnu, þverfaglegrar þjónustu og fjarheilbrigðisþjónustu.

¹ Frumvarp til breytinga á lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 var samþykkt á Alþingi þann 26. júní 2020. Þær breytingar sem lagðar voru til í frumvarpinu er ætlað að samræma umrædd lög heilbrigðisstefnu til ársins 2030 sem samþykkt var á Alþingi vorið 2019. Kjarni breytinganna á lögum um heilbrigðisþjónustu sem nú hafa verið lögfestar felst í því að skilgreiningum á heilbrigðisþjónustu er skipt í þrjú stig, þ.e. fyrsta, annars og þriðja stigs heilbrigðisþjónustu. Heilsugæslustöðvar sinna fyrsta stigs heilbrigðisþjónustu og eftir atvikum annars stigs heilbrigðisþjónustu.

² Sjá breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 á vefslóð: <https://www.althingi.is/altext/150/s/1877.html>

4. Stærð og fyrirkomulag

Í þarfagreiningu þarf að horfa til hugmyndafræði um þá þjónustu sem veita skal á heilsugæslustöðvum og mögulegrar þróunar hennar, sbr. kafla um hugmyndafræði. Stærð og skipulag húsnæðis skal taka mið af:

- Fjölda íbúa/skjólstæðinga viðkomandi þjónustuvæðis.
- Þeirri þjónustu sem veitt er.
- Möguleika til breytinga á þjónustu og þróunar hennar.

Skipulag húsnæðis skal vera með þeim hætti að þjónusta við notendur og rekstur stöðvarinnar verði skilvirkur og að það henti vel fyrir teymisvinnu starfsmanna. Einnig skal taka mið af mögulegum tækninýngum sem bætt geta þjónustuna og aðgengi að henni.

Aðgangsstýring ásamt innra skipulagi skal stuðla að öruggu umhverfi starfsfólks og notenda þjónustunnar. Sömu kröfur eru gerðar til húsnæðis og skipulags þess burt séð frá rekstrarformi.

5. Húsrýmisáætlun

5.1 Forsendur fyrir rýmisþörf

Helstu breytingar í 2. útgáfu eru þær að búið er að bæta inn kafla með húsrýmislýsingu ásamt nýjum húsrýmistöflum. Í húsrýmistöflum kemur fram fjöldi og stærð rýma og fjöldi starfstöðva.

Enn er miðað við að fyrir hverja 1.000 skráða skjólstaðinga þurfi um 90 fermetra húsnæði. Gert er ráð fyrir að allri nútíma heilsugæsluþjónustu sé sinnt á stöðinni þó er undanskilin heimahjúkrun og/eða þjónusta geðheilsuteyma í heilbrigðisumdæmi höfuðborgarsvæðisins. Sjá nánar kafla 7 og 8 varðandi þessa þjónustu í öðrum heilbrigðisumdæmum.

5.2 Skipulag húsnæðis og æskileg tengsl

Horfa þarf á skipulag húsnæðis og rýma út frá línulegri stjórnun og teymisvinnu. Æskilegt er að rými þar sem starfsmenn vinna náið saman liggi samhliða hvort öðru og að auðvelt sé að nálgast öll aðföng sem til þarf svo gott flæði sé í starfseminni og þjónustan gangi sem greiðast fyrir sig.

Þegar gerð er þarfagreining fyrir heilsugæslustöð er gerð grein fyrir fjölda starfsmanna / stöðugilda og fjölþættari nýtingu rýma, s.s. að hægt sé að opna á milli fundarsalar og matsalar og nýta þannig rýmið til fræðslustarfsemi, námskeiða og þverfaglegs samstarfs. Þá geta starfsmenn einnig í sumum tilfellum samnýtt önnur rými eins og teymisrými og viðtalsherbergi. Þessa samnýtingu þarf að meta og skoða í hverju tilviki fyrir sig.

Grundvallaratriði er að húsnæðið sé sveigjanlegt og geti nýst vel inn í framtíðina til að halda utan um síbreytilega þjónustu.

Við hönnun á innra skipulagi er æskilegt er að:

- Móttaka sé í góðum tengslum við vaktherbergi - hjúkrunarvakt og aðgerðastofur.
- Vaktherbergi - Hjúkrunarvakt er bráðamóttaka og þarf að vera í nánnum tengslum við móttöku – móttökuritari.
- Aðgengi að rannsóknarstofu sé við hliðina á biðrými og í góðum tengslum við móttöku og aðgerðar-vaktherbergi
- Rými fyrir lækningar sé nálægt biðrými og að ljósritun, prentun og skönnun sé innan þess rýmis ásamt aðstöðu til að geyma skrifstofuáhöld.
- Aðgerðarstofur séu nálægt viðtalsherbergjum - skoðun og að þau liggi einnig nálægt miðlægum hjúkrunarlagum.
- Gera skal ráð fyrir tveimur hurðum inn í viðtalsrými lækna og hjúkrunarfræðinga, rannsókn og aðgerðarstofur, önnur fyrir skjólstaðinga og hin fyrir starfsfólk.

- Ungbarnavernd og mæðravernd séu með sitt eigið biðrými og salerni.
- Starfsmannainngangur sé í tengslum við starfsmannarými og munaskápa.
- Hægt sé að loka af mötuneyti eða hluta þess til að nýta sem fundarsal.
- Gera ráð fyrir plássi fyrir litlar flokkunartunnur í öllum viðtalsherbergjum, aðgerðarstofum, ljósritun og eldhúsi.

6. Rýmislýsing

6.1 Móttaka – Klasi 1

6.1.1 Aðalinngangur (1.0.0)

Aðalinngangur skal vera með tvöfaldri álgler rennihurð sem opnast sjálfkrafa. Gera skal ráð fyrir niðurfelldri rist í gólfi fyrir framan hurð að innanverðu. Gólf skal vera lagt með slitsterku gólfefni með hálkuvörn. Gera skal ráð fyrir skóhillum á vegg og bekk til að setjast niður.

6.1.2 Móttaka/móttökuritarar (1.0.1)

Hér fer fram móttaka skjólstaðinga, afgreiðsla vottorða, tímabókanir, afgreiðsla sýna úr húsi, umsjón með pósti og uppgjör á afgreiðslukössum svo eitthvað sé nefnt.

Móttakan þarf að hafa góða yfirsýn yfir biðstofu og vera nátengd símaveri en þó aðskilið á milli. Einnig skal vera góð tenging við aðgerðar-vaktherbergi og lækningaritara. Póstflokkunarhirslur skulu vera staðsettar við móttöku auk lyfjaísskáps fyrir geymslu á sýnum. Setja skal upp sjálf-innritunarskjá við móttöku.

Gera skal ráð fyrir áætluðum fjölda starfstöðva með tölvu- og símtengingum ásamt sértengingum fyrir posa og skjá sem tengdur er myndavélum á biðsvæðum. Einnig þarf að gera ráð fyrir góðum hirslum/skápum með vinnuborði fyrir aftan móttökuborðið, plássi fyrir lítinn peningaskáp og prentara sem er eingöngu notaður af móttökuritarar.

6.1.3 Biðstofur (1.0.2/1.0.6/1.1.0/1.1.6)

Biðstofur skulu vera bjartar og rúmgóðar. Gera skal ráð fyrir slitsterkum og endingargóðum húsgögnum, stólum, bekkjum og smáborðum, standi með upplýsingabæklingum, stórum upplýsingaskjá á vegg. Einnig skal gera ráð fyrir vatnslögnum og tenglum fyrir vatnsvélar og kaffivél í öllum biðstofum. Salerni skulu vera staðsett við biðstofu í móttöku, við innri biðrými og salerni með skiptiborði í biðstofu mæðraverndar, fjöldi í samræmi við stærð stöðvarinnar. Gera skal ráð fyrir barnahorni í biðstofu mæðraverndar.

6.2 Bakvinnsla – Klasi 2

6.2.1 Lækningaritarar/teymisrými (1.0.3/1.0.4)

Hér fara fram símaviðtöl, pappírs-, skjala- og tölvuvinna. Rýmið þarf að vera vel hljóðeinangrað. Gera skal ráð fyrir vinnustöðum með tölvu- og símatenglum, skilrúmum á milli starfstöðva og starfstöð fyrir verkefnastjóra með tölvu- og símatenglum. Sjá húsrýmistöflur fyrir fjölda starfstöðva.

Gera skal ráð fyrir læstum hilluskáp (tillaga að stærð D48xB100xH153) fyrir hvern lækningarita og verkefnastjóra. Gott aðgengi skal vera að ljósritunarvél/prentara með vinnuborði og tætara.

6.2.2 Sjúkraskrár (1.0.4.1)

Gera skal ráð fyrir að rýmið verði aðgangsstýrt með talnakóða. Geymsla á sjúkraskrár einstaklinga skal vera í sér útbúnum skjalaskápum. Fjöldi hillumetra undir sjúkraskrár kemur fram í húsrýmistöflum.

6.2.3 Skrifstofulager – ljósritun (1.0.5)

Staðsetning rýmis skal vera hjá lækningariturum. Gera skal ráð fyrir 2 prenturum í herberginu. Herbergið skal hafa 4 nettengla auk raftengla fyrir prentara og önnur jaðartæki sem eðlileg eru í slíku rými. Gera skal ráð fyrir góðu skáaplássi (amk. 2 x D48xB100xH190) fyrir pappír, umslög, prenthylki og önnur aðföng sem og góðu vinnuborði með góðu borðplássi.

6.3 Viðtalsherbergi – Klasi 3

6.3.1 Viðtalsherbergi/skoðun (1.0.7/1.0.8)

Rýmið þarf að vera rúmgott og þannig í laginu að koma megi auðveldlega fyrir litlu skrifborði með tölvutengingu/nettengingu fyrir eina starfstöð, læstum hirslum fyrir gögn og skoðunarbekk sem hægt er að komast að frá báðum hliðum. Gera skal ráð fyrir tengli fyrir skoðunarbekk og öryggisrofa staðsettan í vinnuhæð fyrir ofan tengil. Gera skal ráð fyrir handlaug með snertilausu blöndunartæki. Einnig þarf að gera ráð fyrir HNE skoðunarstól, smásjá og Slit lampa í einu rýminu.

6.3.2 Lagerskápar (1.0.9)

Gera skal ráð fyrir lokuðum skápum fyrir hjúkrunarvörur á gangi nálægt viðtalsherbergjum og/eða aðgerðastofum.

6.4 Bráðarými – Klasi 4

6.4.1 Aðgerðarstofa I (1.1.1)

Hér fara m.a. fram lyfjagjafir, blóðtökur, öndunarpróf, smávægilegar skurðaðgerðir og eyrnaskoðun.

Rýmið þarf að vera vel hljóðeinangrað og með góðri vinnulýsingu og skurðstofulampa. Það þarf að vera rúmgott og þannig í laginu að koma megi auðveldlega fyrir litlu skrifborði, hirslum fyrir gögn og rafmagnstýrðum skoðunarbekk, hjólaborði, stökum stólum og vinnustól, vog og hæðamæli, ásamt góðum áhaldaskáp sem geymir áhöld, umbúðir o.fl.. Gera skal ráð fyrir tengli fyrir skoðunarbekk og öryggisrofa staðsettan í vinnuhæð fyrir ofan tengil. Í rýminu þarf að gera ráð fyrir góðri lýsingu og festingum í lofti fyrir skurðstofulampann. Tryggja skal að undirstöður fyrir festingar séu í lofti.

Í rýminu þarf að gera ráð fyrir handlaug með snertilausu blöndunartæki og skolvaski fyrir óhrein áhöld. Einnig þarf að gera ráð fyrir tölvu og límmiðaprentara auk lyfjaísskáps með vöktun.

6.4.2 Aðgerðar - vaktherbergi (1.1.2)

Gera skal ráð fyrir aðgerða-vaktherbergi fyrir minniháttar slysatilfelli og fyrir síðdegisvaktina. Til viðbótar við þann búnað sem er í aðgerðarstofum skal að auki gera ráð fyrir hirslum fyrir hjartastuðtæki, súrefni og læstri hirslu fyrir bráðalyf.

Aðgengi að snyrtingu fyrir skjólstæðinga þarf að vera í góðum tengslum við aðgerðar-vaktherbergið.

6.4.3 Rannsókn – blóðtaka (1.1.3)

Rými með vinnuáðstöðu fyrir sýnatökur með rafknúnum blóðtökustól. Gera skal ráð fyrir vinnuborði, límmiðaprentara, vinnustól á hjólum og stól með bakstuðningi. Tölvutenging/nettenging skal vera fyrir eina vinnustöð. Pláss þarf að vera fyrir lagerskáp eða vagn undir íhluti blóðtökunnar.

Aðstaða fyrir vinnslu og geymslu sýna, skilvindu og lyfjaísskáp Einnig skal gera ráð fyrir handlaug með snertilausu blöndunartæki.

6.4.4 Skol (1.1.4)

Gera skal ráð fyrir skolvaski og handlaug með snertilausu blöndunartæki í rýminu. Aðstaða skal vera fyrir tæki til sótthreinsunar, með vinnusvæði beggja megin, og skilgreina hreint og óhreint svæði. Staðsetja skal skolvaskinn við hlið sótthreinsitækissins. Gera skal ráð fyrir hirslum/hillum í rýminu. Ákveðna aðgreiningu þarf að hafa á milli hreins- og óhreins búnaðar inn í sama rýminu er lýtur að sótthreinsun. Góð loftræsing er nauðsynleg vegna hita frá tækjum.

6.4.5 Hjúkrunarlagar (1.1.5)

Gera skal ráð fyrir aðgangsstýrðu rými með lagerskápum fyrir hjúkrunar- og læknavörur einnig aðgangstýrðum lyfjaísskáp fyrir geymslu lyfja/bóluefna og nettengingu fyrir eina starfsstöð. Staðsetning þarf að vera miðlæg, nálægt aðgerðarstofu/vaktherbergi.

6.5 Mæðra – og ungbarnavernd – Klasi 5

6.5.1 Mæðravernd (1.1.7)

Rýmið þarf að vera rúmgott og þannig í laginu að koma megi auðveldlega fyrir litlu skrifborði, stólum, læstum hirslum fyrir gögn, vask með snertilausu blöndunartæki og skoðunarbekk auk kvenskoðunarstóls. Gera skal ráð fyrir tölvutengingu fyrir eina vinnustöð. Mæðra- og ungbarnavernd þarf að vera í góðum tengslum við heimilislækna, meðgönguvernd og sálfræðiteymi.

6.5.2 Ungbarnavernd (1.1.8)

Rýmið þarf að vera rúmgott og þannig í laginu að koma megi auðveldlega fyrir litlu skrifborði með tölvutengingu/nettengingu fyrir eina starfsstöð, stólum, læstum hirslum fyrir gögn, góðu vinnuborði með góðri lýsingu, til að blanda bóluefni, o.fl. auk handlaugar með snertilausu blöndunartæki. Gera skal ráð fyrir hirslu fyrir barnaleikföngum, skiptiborði, skoðunarbekk fyrir börn, barnavog og gólfvigt. Einnig skal gera ráð fyrir lyfjaísskápi í vinnuhæð. Gera skal ráð fyrir tengingum fyrir fyrrnefndan búnað. Breidd rýmis þarf að vera a.m.k. 3,5 m vegna sjónmælinga.

6.6 Miðlæg rými

6.6.1 Matsalur – eldhús og fundarsalur (1.1.9/1.2.4)

Matsalur skal vera með hlýlegu yfirbragði. Möguleiki skal vera á að stúka matsal frá eldhúsi að hluta eða alveg með fellihurð/fellivegg. Gera skal ráð fyrir stórum skjá og fjarfundarbúnaði auk dimmanlegum ljósabúnaði. Gera skal ráð fyrir viðeigandi tengingum/lögnum og festingum fyrir fyrrnefndan búnað. Gera skal ráð fyrir góðri loftun og góðri hljóðvist í rýminu.

Eldhús skal vera framreiðslueldhús í beinum tengslum við matsal og skal búið stórum ísskápi með frysti, kaffivél, vatnsvél, örbylgjuofni, uppvottavél með hraðrógrammi, eldavél/helluborði, háf fyrir ofan eldavél/helluborð eða í helluborði, og handlaug og vaski. Gera skal ráð fyrir góðu borðplássi, fráleggsborði, hillu- og geymsluplássi fyrir matreiðsluáhöld og innstungum fyrir matvinnslutæki. Gera skal ráð fyrir viðbótar ísskápi fyrir nesti starfsfólks. Leggja skal rafmagn og vatn fyrir fyrrnefnd tæki í eldhúsi og matsal. Gera skal ráð fyrir snyrtingum í tengslum við matsal þar sem eitt þeirra er fyrir hreyfihamlaða.

Innrétta skal eldhús og matsal í samráði við notendur og FSRE.

6.6.2 Kaffitorg (1.2.0)

Fer eftir stærð og skipulagi stöðvar. Gera skal ráð fyrir lítilli eldhúsinnréttingu með kaffivél, vatnsvél og litlum vaski í nálægð við teymisrými og snyrtingu.

6.6.3 Næðisrými (1.2.1)

Gera skal ráð fyrir einni vinnustöð með tölvutengingu. Rýmið þarf að vera vel hljóðeinangrað og með góðri vinnulýsingu. Gera skal ráð fyrir viðeigandi tengingum/lögnum fyrir tölvubúnað.

6.6.4 Fundarrými (1.2.2/1.2.4)

Gera skal ráð fyrir góðu fundarborði og stólum miðað við stærð rýmisins, tölvutengingum og stórum skjá á vegg, auk fjarfundarbúnaðar. Gera skal ráð fyrir viðeigandi tengingum/lögnum og festingum fyrir fyrrnefndan búnað. Góð vinnubirta skal vera í rýminu og möguleiki á að dimma ljós í lofti.

6.6.5 Teymisrými (1.2.2)

Gera skal ráð fyrir vinnustöðum með tölvutengingum, skjá á vegg og góðri vinnubirtu fyrir áætlaðan fjölda starfsmanna. Gera skal ráð fyrir viðeigandi tengingum/lögnum og festingum fyrir tölvubúnað.

6.6.6 Anddyri starfsmenn (1.2.5)

Aðgangsstýrður inngangur sem ætlaður er starfsfólki. Staðsetning nálægt kaffitorgi, snyrtingum og munaskápum starfsfólks.

6.6.7 Búningsaðstaða (1.2.6)

Gert er ráð fyrir að 20-30% starfsmanna nýti aðstöðuna samtímis. Um er að ræða skiptiklefa með sturtu og snyrtingu (um 3 m² hver) og forrými með skápum fyrir hreint og óhreint tau auk læstra skápa fyrir föt og skó um 30% starfsfólks. Koma þarf munaskápum fyrir í nálægð við búningsaðstöðu.

6.6.8 Munaskápar (1.2.7)

Munaskápar (40cm x 40cm), skulu vera staðsettir nálægt inngangi starfsmanna eða í tengslum við búningsaðstöðu. Gera skal ráð fyrir einum munaskáp fyrir hvern starfsmann.

6.6.9 Geymslur (1.2.8/1.2.9/1.3.0)

Fastar hillur/skápar skulu vera í öllum geymslum, þ.m.t. sértækum geymslum, hjálpartækjalager, skjalageymslu, og sóttvarnabúnað o.fl. Skilgreina skal fjölda hillumetra, stærð og styrk.

6.6.10 Geymsla fyrir stoðþjónustu – Eignaumsjón (1.3.1)

Gera skal ráð fyrir vinnuborði fyrir eina stafstöð ásamt tölvutengingu og viðeigandi tenglum. Rýmið skal hafa pláss fyrir gott hillupláss (lxbxh) 2 x 1 x 2,1m.

6.6.11 Vörumóttaka (1.3.2)

Inngangur skal staðsettur nálægt lyftu. Má vera frá bílakjallara. Dyr skulu vera tvöfaldar með annan flekann um 90 sm og hinn um 50 sm. svo auðveldlega megi koma inn vörum á vögnum.

6.6.12 Tæknirými – loftræsing (1.3.3)

Rými fyrir loftræsisamstæðu heilsugæslunnar. Rýmið skal vera vel einangrað með góðri lýsingu og auðþrifanlegu góflefni.

6.6.13 Tæknirými – tölvurými (1.3.4)

Lítið rými fyrir tölvuskáp. Rýmið þarf að vera vel loftræst og gæta þarf að vatnslagnir séu ekki innan rýmisins.

6.7 Önnur rými

6.7.1 Sorpskýli/sorpgeymsla (1.3.5)

Gera skal ráð fyrir lokuðu sorpskýli á lóð eða sorpgeymslu með læsanlegum topplokum/hurðarflekum. Gera skal ráð fyrir 5 flokkum á sorpi. Almennt sorp, pappi og plast verði flokkað í 660 L tunnur. Tunnur undir sóttmengað og tættan pappír eru um 240 L.

6.7.2 Hjólaskýli/hjólageymsla – læst (1.3.6)

Gera skal ráð fyrir hjólaskýli á lóð eða hjólageymslu fyrir hjól starfsmanna þar af hleðslustöðvum fyrir rafhjól (20%). Gera skal ráð fyrir hitalögnum undir og við skýlið. Fjöldi hjólastæða kemur fram í húsrýmistöflu. Geymslan skal vera læsanleg með aðgangsstýringu.

6.7.3 Bílastæði (1.3.7)

Gera skal ráð fyrir bílastæðum og hleðslustöðvum í samræmi við húsrýmistöflu. Sé bílastæði á lóð skal gera skal ráð fyrir ídráttarröri svo að auðveldlega sé hægt að fjölga hleðslustöðvum.

7. Geðheilsuteymi heilbrigðisstofnana

Á heilsugæslustöðvum er veitt 1. stigs heilbrigðisþjónusta. Geðheilsuteymi veita 2. stigs þjónustu fyrir einstaklinga 18 ára og eldri sem greindir eru með geðsjúkdóma og þurfa á þverfaglegri aðstoðað halda ásamt þéttri eftirfylgd.

Á höfuðborgarsvæðinu eru rekin þrjú almenn geðheilsuteymi og eru þau svæðaskipt, geðheilsuteymi austur, vestur og suður. Einnig eru sérhæfð teymi staðsett á höfuðborgarsvæðinu sem starfa á landsvísu. Þessi teymi eru Geðheilsuteymi barna, Geðheilsuteymi ADHD, Geðheilsuteymi taugaþroskaraskana, Heilaörvunarmiðstöð og Geðheilsuteymi fangelsa.

Á heilbrigðisstofnunum landsins eru starfrækt geðheilsuteymi sem þjónusta íbúa umdæmisins. Þessi þjónusta er veitt inn á heilbrigðisstofnunum eða í tengslum við heilsugæslur í umdæminu.

7.1 Sérými geðheilsuteymis ef staðsett á heilsugæslum heilbrigðisstofnanna

Ef geðheilsuteymi er staðsett á heilsugæslustöð á landsbyggðinni er hægt að samnýta mörg rými en gera þarf ráð fyrir viðbótarfermetrum eins og stækkun biðstofu, matsals, starfsmannaaðstöðu, fjölda bílastæða, og fleira. Gera þarf einnig ráð fyrir sérrymum eða fjölgun neðangreindra rýma fyrir starfseminu. Fjöldi starfsstöðva og stærðir rýma koma fram í húsrýmistöflu. Öryggishnappar þurfa að vera í viðtalsrymum það sem geðheilbrigðisþjónusta fer fram. Huga þarf að góðri hljóðvist og loftun.

7.1.1 Teymisrými geðheilsuteymis

Gera skal ráð fyrir að í teymisrymum geðheilsuteymis verði vinnustöðvar með viðeigandi tenglum.

7.1.2 Viðtalsherbergi, geðlæknir, geðhjúkrunarfræðingur, sálfræðingar, félagsfræðingar

Rýmið þarf að vera rúmgott svo koma megi auðveldlega fyrir litlu skrifborði fyrir eina starfsstöð, læstum hirslum fyrir gögn, hægindastólum og sófaborði. Niðurröðun húsgagna skal ákveða í samráði þjónustuveitendur.

7.1.3 Hóprými – kennslu- og meðferðarrými

Sveigjanlegt rými sem hentar fyrir fundar-, kennslu- og meðferðarrými þar sem hægt er að raða borðum og stafanlegum stólum upp á mismunandi vegu. Gera skal ráð fyrir viðeigandi tengingum/lögnum fyrir tölvur (skólastofuuppröðun) og festingum fyrir skjá á vegg og fjarfundarbúnaði. Góð lýsing þarf að vera í rýminu og möguleiki á að loka fyrir dagsbirtu með myrkvunargluggatjöldum. Mjög góð loftun þarf að vera í rýminu.

8. Heimahjúkrun hjá heilbrigðisstofnunum

Á höfuðborgarsvæðinu sér Heilsugæsla Höfuðborgarsvæðisins um hjúkrun og endurhæfingu fyrir íbúa í Hafnarfirði, Garðabæ, Kópavogi og Mosfellsumdæmi. Heimþjónusta Reykjavíkur sinnir íbúum í Reykjavík og á Seltjarnarnesi.

Á landsbyggðinni veita heilbrigðisstofnanir þessa þjónustu. Staðsetning teymisins getur verið inn á heilbrigðisstofnuninni eða hjá heilsugæslum í umdæminu.

8.1 Sérými heimahjúkrunar ef staðsett með heilsugæslum

Fjöldi starfsstöðva og stærðir rýma koma fram í húsrýmistöflu.

8.1.1 Teymisrými heimahjúkrunar

Gera skal ráð fyrir að í teymisrýmum heimahjúkrunar verði vinnustöðvar fyrir áætlaðan fjölda starfsmanna á vakt auk hópstjóra með viðeigandi tölvutengingum. Í rýminu þarf að vera aðgangsstýrður lyfjaskápur ef ekki er gert ráð fyrir sér lyfjaherbergi. Gera þarf ráð fyrir tenglum fyrir hleðslutæki síma starfsmanna heimahjúkrunar.

8.1.2 Hóprými – fundir

Rýmið er hugsað fyrir samráðs- og vinnufundi. Gera skal ráð fyrir fundarborði og stólum ásamt tengingu fyrir stórum skjá á vegg.

8.1.3 Lyfjaherbergi

Gera skal ráð fyrir aðgangsstýrðu rými með lyfjaísskáp og nettengingu fyrir eina starfsstöð. Aðstaðan má vera í teymisrými.

8.1.4 Hjúkrunarlagar/Lagerskápar

Gera skal ráð fyrir lokuðum skápum fyrir hjúkrunarvörur á gangi nálægt teymisrými.

9. Húsrýmistöflur

9.1 Tafla 1, m.v. 10 þúsund skjólstæðinga

FORSENDUR					
VERKNÚMÉR	Fjöldi starfsstöðva heilsugæslu	29	Brúttó álag:	35%	
HEITI VERKEFNIS			Viðmið 1.500/1 læknir		
	Fjöldi skjólstæðinga	10000	Viðmið 90 m ² /1000 skjólst.		
	Fjöldi klasa	6	Viðmið m ² :	900	
	Fjöldi hæða	1	Önnur	1,15	

ÚTREIKNINGAR						
Nr.	Heiti starfsemi	Forsendu r	fjöldi rýma	Starfstöðvar	Alls m ² nettó	Alls m ² brúttó
	Móttaka - klasi 1					35%
1.0.0	Anddyri aðalinnangangur		1	0	12	16
1.0.1	Móttaka ritarar	5,5	1	2	11	15
1.0.2	Biðstofa m. snyrtingu	22,5	1	0	22,5	30
	Samtals			2	45,5	61
	Bakvinnsla - klasi 2					
1.0.3	Læknaritarar teymisrými + símvarsla hj.fr nálægt teymisrými	5,5	1	2	11	15
1.0.4	Teymisstjóri hluti teymisrýmis afskermað að hluta	5,5	0	1	6	7
1.0.4.1	Sjúkraskrár - hluti teymisrýmis - (40hm/6)	6,7	0	0	7	9
1.0.5	Skrifstofuvörur - ljósritun		1	0	6	8
	Samtals			3	29	39
	Viðtalsherbergi - Klasí 3					
1.0.6	Innra biðrými		0	0	0	0
1.0.7	Viðtalsherbergi - (læknar)	18	7	7	126	170
1.0.8	Viðtalsherbergi - (hjúkrun aldr/langv/sálfr/sjúkrabj./félagsr)	18	7	7	126	170
1.0.9	Lagerskápar /gangar 2 á hverri hæð	1,2	2	0	2,4	3
	Samtals			14	254	343
	Bráðarými - Klasí 4					
1.1.0	Innra biðrými		1	0	15	20
1.1.1	Aðgerðastofa	18	1	1	18	24
1.1.2	Aðgerðar - vaktherbergi	20	1	0	20	27
1.1.3	Rannsókn - blóðtaka	15	1	1	15	20
1.1.4	Skol - sótthreynsun (nálægt aðgerðastofu)	15	1	0	15	20
1.1.5	Hjúkrunarlagar	12	1	0	12	16
	Samtals			2	95	128
	Mæðravernd og ungbarnavernd - Klasí 5					
1.1.6	Innri biðrými - barnahorn - 4 m ² salerni		1	0	16	22
1.1.7	Mæðravernd/Krabbameinsskoðun		1	1	18	24
1.1.8	Ungbarnavernd		1	1	18	24
	Samtals			2	52	70
	Miðlæg rými - Klasí 6		fjöldi rýma	Starfstöðvar		
1.1.9	Matsalur - eldhús - tvísetinn	2	1	0	29	39
1.2.0	Kafflíkrókur	2	0	0	0	0
1.2.1	Næðisrými - (nálægt teymisrými)	5,5	2	0	11	15
1.2.2	Teymisrými (hjúkrun/læknar/sjúkra/sálfr/aðgerðateymi)	5,5	1	6	33	45
1.2.3	Fundur - samstarfsrými - möguleg fyrir fjölskylduviðtöl	12	1	0	12	16
1.2.4	Fundarsalur 15-25 manns - tengt matsal	24	1	0	24	32
1.2.5	Anddyri starfsmenn		1	0	12	16
1.2.6	Búningsaðstaða með sturtu, snyrting (4 klefar+ forrými)	2	1	0	19	26
1.2.7	Munaskápar og fatahengi	0,4	1	0	12	16
1.2.8	Geymsla ræstivagnar, þvottavél og ræstivaskur		1	0	8	11
1.2.9	Geymsla fyrir tæki og hjólastóla		1	0	12	16
1.3.0	Geymsla fyrir sorpflokkun - nálægt matsal/eldhúsi		1	0	6	8
1.3.1	Vörumóttaka		0	0	0	0
1.3.2	Tæknirými-loftræsing		1	0	20	27
1.3.3	Tæknirými-tölvuherbergi		1	0	6	8
	Samtals			6	204	275
	Önnur rými					15%
1.3.4	Sorpgeymsla á lóð		1	0	18	21
1.3.5	Hjólageymsla læst		1	0	18	21
	Samtals önnur rými				36	42
1.3.6	Bílastæði	24	30	0	375	720
	Rafhleðslustöðvar (uppsettar) 20% + 2 stæði f. fatlaða	8	1	0	8	
	Heildarstærð heilsugæsla án annarra rýma			29	680	918
	Heilsugæsla með öðrum rýmum					959
	Lóðastærð					1.679

9.2 Tafla 2, m.v. 15 þúsund skjólstæðinga

FORSENDUR					
VERKNÚMÉR	Fjöldi starfstöðva heilsugæslu	44	Brúttó álag:	35%	
HEITI VERKEFNIS			Viðmið 1.500/1 lækni		
	Fjöldi skjólstæðinga	15000	Viðmið 90 m ² /1000 skjól.		
	Fjöldi klasa	6	Viðmið m ² :	1.350	
	Fjöldi hæða	1	Önnur	1,15	

ÚTREIKNINGAR						
Nr.	Heiti starfsemi	Forsendur viðmið	fjöldi rýma	Starfstöðvar	Alls m ² nettó	Alls m ² brúttó
	Móttaka - klasi 1					35%
1.0.0	Anddyri aðalíngangur		1	0	15	20
1.0.1	Móttaka - móttökuritarar	5,5	1	2	11	15
1.0.2	Biðstofa m. 2. snyrtingum	27	1	0	27	36
	Samtals			2	53	72
	Bakvinnsla - klasi 2					
1.0.3	Læknaritarar teymisrými	5,5	1	4	22	30
1.0.4	Verkefnastjóri hluti teymisrýmis afskermað að hluta	5,5	0	1	6	7
1.0.4.1.	Sjúkraskrár (50hm/6)	8,3	1	0	8,3	11
1.0.5	Skrifstofulager - ljósritun		1	0	6	8
	Samtals			5	42	56
	Viðtalsherbergi - Klasi 3					
1.0.6	Innra biðrými		1	0	15	20
1.0.7	Viðtalsherbergi - (læknar)		10	10	180	243
1.0.8	Viðtalsherbergi - (hjúkrun aldr./langv/sálfr/sjúkraþj./félagsr)	18	10	10	180	243
1.0.9	Lagerskápar /gangar 2 á hverri hæð	1,2	2	0	2,4	3
	Samtals			20	377,4	509
	Bráðarými - Klasi 4					
1.1.0	Innra biðrými		1	0	15	20
1.1.1.	Aðgerðastofur	20	2	2	40	54
1.1.2.	Aðgerðar - vaktherbergi	20	1	1	20	27
1.1.3.	Rannsókn - blóðtaka	15	1	1	15	20
1.1.4.	Skol - sóttthreysun í námundan við aðgerðastofur	18	1	0	18	24
1.1.5.	Hjúkrunarlagar	15	1	0	12	16
	Samtals			4	120	162
	Mæðra- og ungbarnavernd - Klasi 5					
1.1.6.	Innri biðrými - barnahorn + 4 m ² salerni		1	0	18	24
1.1.7.	Mæðravernd/Krabbameinsskoðun	18	2	2	18	49
1.1.8.	Ungbarnavernd	18	2	2	18	49
	Samtals			4	54	122
	Miðlæg rými - Klasi 6		fjöldi rýma	Starfstöðvar		
1.1.9.	Matsalur - eldhús - tvísetinn	1,5	1	0	33	45
1.2.0.	Kafflírókur	2	2	0	4	5
1.2.1.	Næðisrými	5,5	3	0	17	22
1.2.2.	Teymisrými (hjúkrun/læknar/sjúkra/sálfr/aðgerðateymi)	5,5	2	9	49,5	67
1.2.3.	Fundarými - möguleg fyrir fjölskylduviðtöl (4 pers)	12	2	0	24	32
1.2.4.	Fundarsalur 15-40 manns - tengt matsal (um 25 manns)	37,5	1	0	38	51
1.2.5.	Anddyri starfsmenn		1	0	15	20
1.2.6.	Búningsaðstaða með sturtu, snyrting (4 klefar+ forrými)	2	1	0	29	40
1.2.7.	Munaskápar	0,4	1	0	18	24
1.2.8.	Geymsla - Ræsting - þvottavél		1	0	10	14
1.2.9.	Geymsla fyrir tæki og hjólastóla		1	0	12	16
1.3.0.	Geymsla fyrir sorpflokkun - nálægt eldhúsi		1	0	6	8
1.3.1.	Geymsla - Stoðþjónusta/eignaumsjón		1	0	10	14
1.3.2.	Vörumóttaka		1	0	10	14
1.3.3.	Tæknirými-loftræsing		1	0	20	27
1.3.4.	Tæknirými-tölvurými		1	0	5	7
	Samtals			9	299	404,2
	Önnur rými					15%
1.3.5.	Sorpgeymsla		1	0	20	23
1.3.6.	Hjólageymsla læst		1	0	20	23
	Önnur rými samtals				40	46
1.3.7.	Bílastæði	24	44	0	550	1.056
	Rafhleðslustöðvar (uppsettar) 20% + 2 stæði f. fatlaða	11	1	0	11	
	Heildarstærð heilsugæsla			44	946	1.325
	Heilsugæsla með öðrum rýmum					1.371
	Lóðastærð					2.427

9.3 Tafla 3, m.v. 20 þúsund skjólstæðinga

FORSENDUR				
VERKNÚMÉR	Fjöldi starfstöðva heilsugæslu	61	Brúttó álag:	35%
HEITI VERKEFNIS	Fjöldi skjólstæðinga	20000	Viðmið 1.500/1 læknir	
	Fjöldi klasa	6	Viðmið 90 m ² /1000 skjól.	
	Fjöldi hæða	1, 2	Viðmið m ² :	1.800
			Önnur	1,15

ÚTREIKNINGAR						
Nr.	Heiti starfsemi	Forsendur viðmið	fjöldi rýma	Starfstöðvar	Alls m ² nettó	Alls m ² brúttó
	Móttaka - klasi 1					35%
1.0.0	Anddyri aðalinngangur		1	0	18	24
1.0.1	Móttaka ritarar	5,5	1	3	16,5	22
1.0.2	Biðstofa m. 3 snyrtingum	33	1	0	33	45
	Samtals			3	67,5	91
	Bakvinnsla - klasi 2					
1.0.3	Læknaritarar teymisrými + símvarsla hj.fr nálægt teymisrými	5,5	2	6	33	45
1.0.4	Verkefnastjóri hluti teymisrýmis afskermað að hluta	5,5	0	1	5,5	7
1.0.4.1.	Sjúkraskrár við teymisrými - (70hm/6)	11,7	1	0	12	16
1.0.5	Skrifstofuvörur - ljósritun		1	0	8	11
	Samtals			7	58	79
	Viðtalsherbergi - Klasí 3					
1.0.6	Innra biðrými		1	0	18	24
1.0.7	Viðtalsherbergi - (læknar)	18	14	14	252	340
1.0.8	Viðtalsherbergi - (hjúkrun aldr/langv/sálfr/sjúkraþj./félagsr)	18	13	13	234	316
1.0.9	Lagerskápar - 2 á hverri hæð	1,2	2	0	2,4	3
	Samtals			27	506	683
	Bráðarými - Klasí 4					
1.1.0.	Innra biðrými		1	0	15	20
1.1.1.	Aðgerðastofur	20	2	2	40	54
1.1.2.	Aðgerðir - vaktherbergi	20	2	2	40	54
1.1.3.	Rannsókn - blóðtaka	16	1	1	16	22
1.1.4.	Skol - sóttthreysun í námundan við aðgerðastofur	16	2	0	32	43
1.1.5.	Hjúkrunarlagar	12	2	0	24	32
	Samtals			5	167	225
	Mæðravernd og ungbarnaqrnd - Klasí 5					
1.1.6.	Innri biðrými - barnahorn + 4 m ² salerni		1	0	20	27
1.1.7.	Mæðravernd/Krabbameinsskoðun	18	3	3	18	73
1.1.8.	Ungbarnavernd	18	3	3	18	73
	Samtals			6	56	173
	Miðlæg rými - Klasí 6		fjöldi rýma	Starfstöðvar		
1.1.9.	Matsalur - eldhús - tvísetinn	1,5	1	1	46	62
1.2.0.	Kaffikrókur	2	2	0	4	5
1.2.1.	Næðisrými nálægt teymisrými	5,5	4	0	22	30
1.2.2.	Teymisrými (hjúkrun/læknar/sjúkra/sálfr/aðgerðateymi)	5,5	2	12	66,0	89
1.2.3.	Fundir - samstarfsrými - möguleg fyrir fjölskylduviðtöl	15	3	0	45	61
1.2.4.	Fundarsalur 15-40 manns - tengt matsal (miðað við 35 manns)	52,5	1	0	53	71
1.2.5.	Anddyri starfsmenn		1	0	15	20
1.2.6.	Búningsaðstaða með sturtu, snyrting (klefar + forrými)	2	1	0	41	55
1.2.7.	Munaskápar og fatahengi	0,4	1	0	24,4	33
1.2.8.	Geymsla ræstivagnar, þvottavél, ræstivaskur		1	0	10	14
1.2.9.	Geymsla fyrir tæki og hjólastóla		1	0	15	20
1.3.0.	Geymsla fyrir sorpflokkun		1	0	8	11
1.3.1.	Geymsla - Stoðþjónusta/eignaumsjón		1	0	10	14
1.3.2.	Vörumóttaka		1	0	12	16
1.3.3.	Tæknirými-loftræsing		1	0	30	41
1.3.4.	Tæknirými-tölvuherbergi		1	0	6	8
	Samtals			13	406	549
	Önnur rými					15%
1.3.5.	Sorpgeymsla		1	0	25	29
1.3.6.	Hjólageymsla læst		1	0	27	31
	Önnur rými samtals				52	60
1.3.7.	Bilastæði	24	59	0	738	1.416
	Rafhleðslustöðvar (uppsettar) 20% + 3 stæði f. fatlaða	16	1	0	16	
	Heildarstærð heilsugæsla			61	1.261	1.800
	Heilsugæsla með öðrum rýmum					1.860
	Lóðastærð					3.276

9.4 Tafla 4, m.v. 25 þúsund skjólstæðinga

FORSENDUR						
VERKNÚMÉR		Fjöldi starfstöðva heilsugæslu		78	Brúttó álag: 36%	
HEITI VERKEFNIS		Fjöldi skjólstæðinga		25000	Viðmið 1.500/1 læknir	
		Fjöldi klasa		6	Viðmið 90 m ² /1000 skj.	
		Fjöldi hæða		2	Önnur 2.250	
					Önnur 1,15	
ÚTREIKNINGAR						
Nr.	Heiti starfsemi	Forsendur viðmið	fjöldi rýma	Starfstöðvar	Alls m ² nettó	Alls m ² brúttó
	Móttaka - klasi 1					36%
1.0.0	Anddyri aðalinngangur		1	0	20	27
1.0.1	Móttaka ritarar	5,5	1	4	22	30
1.0.2	Biðstofa m. snyrtingum	45	1	0	45	61
	Samtals			4	87	118
	Bakvinnsla - klasi 2					
1.0.3	Læknaritarar teymisrými + símvarsla hj.fr nálægt teymisrými	5,5	2	8	44	60
1.0.4	Verkefnastjóri hluti teymisrýmis afskermað að hluta	5,5	0	1	5,5	7
1.0.4.1	Skjúkraskrár - (85hm/6)	14	1	0	14	19
1.0.5	Skrifstofuvörur - ljósrítun		1	0	8	11
	Samtals			9	72	97
	Viðtalsherbergi - Klasi 3					
1.0.6	Innra biðrými		1	0	24	33
1.0.7	Viðtalsherbergi - (læknasvið)	18	16	16	288	392
1.0.8	Viðtalsherbergi - (hjúkrun aldr/langv/sálfr/sjúkraþj./félagsr)	18	14	14	252	343
1.0.9	Lagerskápar /gangar 2 á hæð	1,2	4	0	4,8	6
	Samtals			30	569	773
	Bráðarými - Klasi 4					
1.1.0	Innra biðrými		1	0	18	24
1.1.1	Aðgerðastofur	20	4	4	80	109
1.1.2	Aðgerðir - vaktherbergi	20	2	2	40	54
1.1.3	Rannsókn - biðtaka	18	1	2	18	24
1.1.4	Skól - sótthreynsun í námundan við aðgerðastofur	18	2	0	36	49
1.1.5	Hjúkrunarlagar	14	2	0	28	38
	Samtals			8	220	299
	Mæðravernd og ungbarnaqrnd - Klasi 5					
1.1.6	Innri biðrými - barnahorn - 2 salerni		1	0	24	33
1.1.7	Mæðravernd/Krabbameinsskoðun	18	4	4	72	98
1.1.8	Ungbarnavernd	18	4	4	72	98
	Samtals			8	168	228
	Miðlæg rými - Klasi 6		fjöldi rýma	Starfstöðvar		
1.1.9	Matsalur - eldhús - tvísetinn	1,5	1	1	59	80
1.2.0	Kaffirókur	2	2	0	4	5
1.2.1	Næðisrými nálægt teymisrými	5,5	6	0	33	45
1.2.2	Teymisrými (hjúkrun/læknar/sjúkra/sálfr./aðgerðateymi)	5,5	3	18	99	135
1.2.3	Fundur - samstarfsrými - möguleg fyrir fjölskylduviðtöl	15	5	0	75	102
1.2.4	Fundarsalur 15-40 manns - tengt matsal	52,5	1	0	53	71
1.2.5	Anddyri starfsmenn		1	0	15	20
1.2.6	Búningsaðstaða með sturtu, snyrting (7 klefar+ forrými)	2	1	0	52	71
1.2.7	Munaskápar og fatahengi	0,4	1	0	31	42
1.2.8	Geymsla - ræstivagnar, þvottavél, ræstivaskur		1	0	14	19
1.2.9	Geymsla fyrir tæki og hjólastóla	14	2	0	25	34
1.3.0	Geymsla fyrir sorpflokkun - við eldhús		1	0	8	11
1.3.1	Geymsla - Stoðþjónusta/eignaumsjón		1	0	12	16
1.3.2	Vörumóttaka		1	0	15	20
1.3.3	Tæknirými-loftþræsing		1	0	40	54
1.3.4	Tæknirými-tölvuherbergi		1	0	5	7
	Samtals			19	539	733
	Önnur rými					15%
1.3.5	Sorpgeymsla		1	0	30	35
1.3.6	Hjólageymsla læst		1	0	30	35
	Önnur rými samtals				60	69
1.3.7	Bílastæði (1p/30 m ²)	24	75	0	938	1.800
	Rafhleðslustöðvar (uppsettar) 20% + 4 stæði f. fatlaða	19	0	0	19	
				0		
	Heildarstærð heilsugæsla			78	1.655	2.249
	Heilsugæsla með öðrum rýmum					2.318
	Lóðastærð					4.118

9.5 Heilsgæsla og viðbótarrými

FORSENDUR				
VERKNUMER HEITI VERKEFNIS	Fjöldi starfstöðva heilsgæslu	44	Brúttó álag:	35%
	Fjöldi starfstöðva gæðheilsuteymis	9	Víðmið 1.500/2 laukur	
	Fjöldi starfstöðva heimahjúkrun	14	Víðmið 90 m ² /1000 sjúk.	
	Fjöldi skjólstæðinga	15000	Víðmið m ² :	1.350
	Fjöldi klassa	6	Önnur:	1,15
	Fjöldi hæða	1		

ÚTREIKNINGAR						
Nr.	Heiti starfsemi	Forsendur víðmið	Fjöldi rýma	Starfstöðva r	Alls m ² nettó	Alls m ² brúttó
Mæðing - Klassi 1						
1.0.0	Anddyrn aðalinnangangur			1	0	15
1.0.1	Mæðing - mæðingurinn	5,5	1	2	11	15
1.0.2	Bíðstofa m. 2. stýringum	27	1	0	27	36
	Samtals				2	53
Bakveimla - Klassi 2						
1.0.3	Læknaritarar teymisrymi	5,5	1	4	22	30
1.0.4	Verkefnaþjóni hluti teymisrymis afskermað að hluta	5,5	0	1	6	7
1.0.4.1	Sjúkraskrár (50hmy/6)	8,3	1	0	8,3	11
1.0.5	Skrifstofulager - ljóscritun		1	0	6	8
	Samtals				5	42
Víðtalsherbergi - Klassi 3						
1.0.6	Inna bíðrymi		1	0	15	20
1.0.7	Víðtalsherbergi - (læknar)	18	10	10	180	243
1.0.8	Víðtalsherbergi - (hjúkrun aldr./langv./álfr./sjúkrabj./flágar)	18	10	10	180	243
1.0.9	Lagerskápar /gangar 2 á hverri hæð	1,2	2	0	2,4	3
	Samtals				20	377,4
Brúðarymi - Klassi 4						
1.1.0	Inna bíðrymi		1	0	15	20
1.1.1	Aðgerðastofur	20	2	2	40	54
1.1.2	Aðgerðar - vakttherbergi	20	1	1	20	27
1.1.3	Rannsókn - biðtaka	15	1	1	15	20
1.1.4	Skól - söttthreysna í námundan við aðgerðastofur	18	1	0	18	24
1.1.5	Hjúkrunarlagar	15	1	0	12	16
	Samtals				4	120
Mæðing og ungbarnevernd - Klassi 5						
1.1.6	Inna bíðrymi - barnahorn + 4 m ² salerni		1	0	18	24
1.1.7	Mæðing/krabbameinsskoðun	18	2	2	18	49
1.1.8	Ungbarnevernd	18	2	2	18	49
	Samtals				4	54
Míðlag rými - Klassi 6						
1.1.9	Matsalur - eldhúsi - tvískettinn	1,5	1	0	33	45
1.2.0	Kaffakúkur	2	2	0	4	5
1.2.1	Næðsrymi	5,5	3	0	17	22
1.2.2	Teymisrymi (hjúkrun/læknar/sjúkra/sálfr./aðgerðateymi)	5,5	2	9	49,5	67
1.2.3	Fundarymi - móguleg fyrir fjölskylduvíðtöl (4 pers)	12	2	0	24	32
1.2.4	Fundarsalur 15-40 manns - tengt matsal (um 25 manns)	37,5	1	0	38	51
1.2.5	Anddyrn starfsmann		1	0	15	20
1.2.6	Búningaástoða með sturtu, snyrting (4 klfar+ forrymi)	2	1	0	44	59
1.2.7	Munaskápar	0,4	1	0	18	24
1.2.8	Geymsla - Ræsting - þvottavél		1	0	10	14
1.2.9	Geymsla fyrir tæki og hjólastóla		1	0	12	16
1.3.0	Geymsla fyrir sorpflokkun - nálagt eldhúsi		1	0	6	8
1.3.1	Geymsla - Stoðjónusta/eignaumsjón		1	0	10	14
1.3.2	Vörumáttaka		1	0	10	14
1.3.3	Tæknirymi-loftþræsing		1	0	20	27
1.3.4	Tæknirymi-tölvurymi		1	0	5	7
	Samtals				9	314
	Önnur rými					15%
1.3.5	Sorggeymsla		1	0	20	23
1.3.6	Hjólageymsla laust		1	0	20	23
	Önnur rými samtals					40
1.3.7	Bilastæði	24	44	0	550	1.056
	Rafhleðslustöðvar (uppsettir) 20% + 2 staði f. fatlaða	11	1	0	11	
	Heildarstöðvur heilsgæslu				44	960
	Heilsgæsla með öðrum rýmum					1.391
	Líðastærð					2.447

Viðbótarrými					
		Fjöldi rýma	Starfst.	nettó m ²	brúttó m ²
Gæðheilsuteymi Klassi 7					
	Inna bíðrymi	3,5	1	0	15
	Höpstjóri - hluti teymisrymis	5,5	0	0	0
	Teymisrymi (opöð rými)	5,5	1	5	28
	Víðtalsherbergi	15	4	4	60
	Höprými - kennslurými - fundir	20	1	0	20
	Afdrög	8	1	0	8
	Samtals sérrými gæðheilsuteymis				9
	Viðbót við matsal	1,5	0	0	6,8
	Viðbót við fundarsal	1,5	0	0	6,8
	Viðbót við búningaástoðu	2	0	0	5,0
	Viðbót við munaskápa	0,4	0	0	3,6
	Viðbót við loftþræsing og starfsmannangang	0,25	0	0	2,25
	Viðbót við bílastæði	24	12	0	150
	Samtals viðbót				12
	Heildarstöðvur rýma fyrir gæðheilsuteymi				9
					156
					210

Viðbótarrými					
		Fjöldi rýma	Starfst.	nettó m ²	brúttó m ²
Heimahjúkrun Klassi 8					
	Höpstjóri - hluti teymisrymis	5,5	0	2	11
	Teymisrymi (opöð rými)	5,5	2	12	66
	Heimahjúkrun Höpvinurými/fundir	1,5	2	0	21
	Lýfjaskápur - aðgangstýrt	1,5	1	0	1,5
	Næðsrymi	5,5	1	0	5,5
	Hjúkrunarlagar/Lagerskápar	1,2	1	0	1,2
	Samtals sérrými heimahjúkrun				7
	Viðbót við matsal	1,5	0	0	10,5
	Viðbót við fundarsal	1,5	0	0	10,5
	Viðbót við búningaástoðu	2	0	0	9
	Viðbót við munaskápa	0,4	0	0	5,6
	Viðbót við loftþræsing og starfsmannangang	0,25	0	0	3,5
	Viðbót við bílastæði	24	14	0	175
	Samtals viðbót				0
	Heildarstöðvur viðbótarrýma fyrir heimahjúkrun				14
					146
					197

	Heildarstöðvur Heilsgæslu/gæðheilsuteymis+heimahjúkrun				1.262
	Heildarstöðvur bílastæða				70
	Heildarstöðvur lóðar m. byggingum				3.478

